



Fundargerð

Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps
mánudaginn 7. september 2020, kl. 17.00.

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið, Maríutröð 5a, Reykhólum.

Mætt: Vilberg Þráinsson varaformaður, Ólafía Sigurvinsdóttir og Agnieszka A. M. Kowalczyk í forföllum Árnýjar Huldar Haraldsdóttur. Einnig sátu fundinn Anna Björg Ingadóttir skólastjóri, Sonja Dröfn Helgadóttir leikskólastjóri, Jóhanna Einarsdóttir tómstundafulltrúi, Svanborg Guðbjörnsdóttir fh. kennara, Íris Ósk Sigþórsdóttir fh. starfsmanna leikskóla og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Varaformaður bauð Sonju Dröfn velkomna til starfa. Þá bauð hann fundarmenn velkomna og óskaði eftir öðrum málum á dagskrá. Eitt mál barst og var ákveðið að taka það til afgreiðslu undir liðnum önnur mál.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. Fundargerð mennta- og menningarmálanefndar 18. maí 2020.

Farið yfir fundargerðina.

2. Umsókn um skólavist utan lögheimilissveitarfélags.

Umsókn barst frá Dalabyggð, beiðni um skólavist tveggja barna utan lögheimilis hjá Reykhólahreppi. Annarsvegar í leikskóladeild og hinsvegar í grunnskóladeild. Sveitarstjóri upplýsti að samið hafi verið við Dalabyggð um skólavist og skólaakstur

Nefndin gerir ekki athugasemd við umsóknina.

3. Reykhólaskóli, sameinaður leik- grunn- og tónlistaskóli.

Rætt var um stöðu skólans nú þegar ráðinn hefur verið leikskólastjóri. Í dag er Reykhólaskóli sameinaður skóli með leik- og grunnskóladeild ásamt tónlistadeild. Rætt var um að skólastjórnendur ræði þessi mál innan sinna stofnana, hvernig fólk sér skólann til framtíðar.

4. Skýrsla skólastjóra.

Skólastjóri fór yfir vinnuna sem innt hefur verið af hendi síðan að skólinn hóf starfsemi í haust. Veturinn leggst vel í skólastjóra.

5. Skýrsla leikskólastjóra.

Leikskólastjóri fór yfir starfið sem hefur átt sér stað, skipulag og starfið framundan. Leikskólinn er vel mannaður og starfið fer vel af stað. Nettenging í leikskóladeild er ekki nógu góð. Ljósleiðari er ekki tengdur.

6. Skýrsla tómstundafulltrúa.

Tómstundafulltrúi fór yfir skýrslu vegna tómstundastarfsins. Fyrst fór hún yfir sumarstarfið og síðan starfið framundan. Mikil starfssemi verður í boði í vetur og er börnum í nágrannasveitarfélögum boðið að taka þátt.

7. Skólaakstur.

Nefndinni kynnt framlenging á samningi um skólaakstur. Samningurinn er til tveggja ára.

Önnur mál :

8. Stytting vinnuvikunnar.

Leikskólastjóri fór yfir liði í kjarasamningum sem varða styttingu vinnuvikunnar. Síðan fór hún yfir tillögur sínar sem hún hefur unnið í samráði við starfsfólk sitt og tillögur til að mæta þeim breytingum.

Nefndin tók vel í hugmyndir leikskólastjóra.

Nokkrar umræður fóru fram um þessi mál, eins og t.d. fyrirkomulag í skólanum og víðar.

Nefndin vill þakka Birgittu Jónasdóttur samstarfið síðustu ár.

Fundargerð lesin, fundi slitið 18:50
